

3. fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 - 17. mars 2021 kl. 14:10

Mætt: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálsdóttir, Heiða Björk Pétursdóttir, Hólmfríður Björnsdóttir, Elmar Ingi Gunnþórsson, Karen Fatima Róbertsdóttir, Birgir Már Birgisson og Sigurður Baldur Þorsteinsson. Hermann Gunnar Jónsson var forfallaður.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson
Fundarritari: Svala Fanney Njálsdóttir

Fundur haldinn í Holti

1. Olweusaráætlunin

Fara var yfir vinnuna í vetur. Unnið eftir Olweusaráætlun líkt og fyrri ár. Áminningar til kennara, kveikjur fyrir umræður í gæðahring. Græni dagurinn. Umræður á samveru. Ætluðum að hafa dag gegn einelti, féll niður vegna Covid. Ætluðum að hafa bekkjarfundir með foreldrum, féll niður vegna Covid. Stefnum að þessu í haust.

Könnun tekin eins og áður fyrir 5. - 10. bekk. Fórum ekki djúpt í niðurstöðurnar, eigum eftir að ígrunda þær betur. Ákveðnar vísendingar um samskiptavanda á ákveðnum stigum sem æskilegt er að skoða vel. Fulltrúar nemenda segja að þeim finnst spurningarnar asnalegar, þeim finnst vanta svarmöguleika. Könnunin notuð meira til að fá hugmynd um stöðuna á landsvísi fremur en um einstök mál.

2. Skólaárið almennt - hvernig gengur

Gengið ágætlega, litast að einhverju leyti af Covid. Minna þó en víðast hvar annars staðar. Fulltrúar nemenda eru sammála því, komumst bara býsna vel frá þessu. Hefðbundið skólastarf fyrir utan tvískiptingu í mötuneyti í einhvern tíma. Almennur samhljómur meðal nemenda, kennara og foreldra um að það hafi ekki gætt mikilla áhrifa innan skólans, aðallega grímuskylda sem varð leiðingjörn. Annað verið með nokkuð hefðbundnu sniði og gengið vel.

3. Drög að skóladagatali og hópaskiptingu

Nemendadagar eru 180. Sjö skertir skóladagar (gulir). Hugmynd að vera með vetrarfrí 2.-4.mars. Fulltrúar foreldra taka vel í hugmyndina, allt í góðu að prófa þetta einu sinni og sjá hvernig til tekst. Nemendum líst einnig vel á þetta.

Skólaráð samþykkir þessi drög að skóladagatali.

Kynntar hugmyndir að hópaskiptingu þar sem gert er ráð fyrir sömu skiptingu og er þetta skólaár, þ.e.a.s. 5 hópar, 2 árgangar í hóp. Karen bendir á að samkennta 8.-10 bekkjar mætti vera meiri þar sem þessir bekkir fara t.d. saman í skólaferðalag.

Skólaráð tekur vel í tillöguna.

4. Skipulag skólastarfs - hugmyndir

Höfum verið að prófa t.d. vikur með hreyfingu að morgni og svo morgunmat. Ágætt reynsla, almenn ánægja. Fulltrúar nemenda og foreldra lýsa yfir ánægju með átakið. Hægt að hafa fjölbreytni í þessari hreyfingu, míla á dag, slökun, jóga og taka lestrarátak, söngstundir eða annað þegar það á við. Vilji til að gera að föstum hluta í skólastarfinu. Einnig höfum við mikið rætt um að reyna að efla samstarf kennara, vinna meira saman í undirbúningi verkefna, kenna jafnvel saman o.s.frv. Þarf að skoðast í samhengi við hópaskiptingu, stundatöflur og annað, en almennur vilji til þess að fara í þessa átt.

Einnig hugmyndir um að stokka upp stundatöflunni, lengri vinnulotur með lengri pásam á milli. Verið að skoða hugmyndir reynslu annars staðar frá og fá endurgjöf. Rætt um að hafa alla nemendur jafnlengi í skólanum og hvernig við viljum nýta svigrúmið (5 “auka” kennslustundir) hjá 1.-4. bekk. T.d. rætt um meiri sköpun, leik, list- og verkgreinar, lestur, heimilisfræði, Leikur að læra o.s.frv. Dregur úr þörfinni á skólavistun þar sem nemendur eru lengra fram á daginn og nemendur í skólabíl þurfa því ekki vistun. Mögulega þyrfti þó að skoða með útfærslu á skólavistun ef af þessum breytingum yrði. Þessar hugmyndir eru bara á teikniborðinu á þessu stigi málsins.

Fulltrúar nemenda óska eftir meiri verkgreinakennslu fyrir unglingastig. Þetta hefur verið til umræðu í þó nokkurn tíma en strandar á fjármagni.

Rætt með hádegismat á föstudögum og tekið vel í það hjá öllum. Það kæmi ekki til þess strax, þarf að koma því inn í fjárhagsáætlun. Reynum að fá morgunmatinn inn fyrst.

5. Skólahúsnæði og skólalóð, öryggi, aðbúnaður o.s.frv. - heimsókn frá Vinnueftirliti og vinna í kjölfarið

Rætt var á síðasta fundi hvað stendur til með skólalóðina. Nemendur fá tækifæri til að koma með sínar hugmyndir og vonandi nýttar til grundvallar að hönnunarvinnu, einhverjar þeirra kynntar á fundinum. Stefnt að hönnunarvinnu á þessu ári og að farið verði í framkvæmdir á því næsta.

Einnig stendur til að fara í endurbætur á þakinu í sumar. Hafa verið tíð vandamál með leka þegar úrkoma er mikil, hefur heldur fjölgað stöðunum undanfarið. Stefnt að því að endurnýja a.m.k. járn og pappu og skoða hvort þörf er á að fara í frekari framkvæmdir til að koma í veg fyrir þetta.

Fengum heimsókn frá Vinnueftirlitinu. Athugasemdir gerðar við hitt og þetta, t.d. í smíðastofu, varðandi merkingar og geymslu á eignum og fleira. Einnig bent á að ekki er til staðar öryggis- og heilbrigðisáætlun og stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, ofbeldi o.þ.h. en það er allt í bígerð. Fengum frest til 15. apríl til að gera úrbætur og munum reyna að standast það.

Fengum einnig heimsókn frá Eflu verkfræðistofu sem gerði smá úttekt á ástandi húsnæðisins. Fengum ágætis skoðun svo sem, ekki talið líklegt að raki og mygla sé að grassera en hins vegar fer að koma tími á talsverðar endurbætur. T.d. lagt til að koma upp

loftræstingu í skólanum, og einnig rætt með úrbætur á lýsingu og hljóðvist, en þessir þrír þættir eru yfirleitt efst á blaði þegar verið er að skoða aðstæður í skólum í dag. Leiðir til úrbóta ræddar, allt nokkuð umfangsmikið og kostnaðarsamt og ekkert sem liggur kannski akútt á, en gott að vera tilbúin að fara að skoða.

6. Önnur mál

a. Samræmd próf

Nemendur hér kláruðu íslensku prófið en ákváðu að sleppa rest í samráði við foreldra. Verður vonandi til þess að þetta fyrirkomulag prófanna verði lagt af og tilgangur og markmið með slíkum prófum verði tekið til gagngerrar endurskoðunar.

b. Bókasafnið

Búið er að grisja úr safninu um 2000 bækur sem ekki hafa verið notaðar lengi, þá hefur verið málað og útbúið kósý lestrarhorn.

Fundi slitið kl.15:20